

eign þeirra hófst. Ekki hefir rannsóknardómarinn heldur reynt til að afla vitneskju um það, hvaða orð hafi milli lögreglustjórans og ákærða fallið við umrætt tækifæri.

Með því að umrædd atriði virðast geta skipi verulegu máli um sakarúrlitin, þá verður að skylda rannsóknardómarann til þess að taka skýrslu fyrir dómi áður enn dómur verður kveðinn upp í málinu fyrir hæstarétti, af áðurnefndum mönnum, um þau, svo og það annað, sem framhaldsrannsókn kann að veita tilefni til.

Því úrskurðast:

Framanefndar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem verða má.

Miðvikudaginn 18. jan. 1933.

Nr. 86/1932. **Réttvísir** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Halldóri Óskari Stefánssyni og
Hjálmgæiri Júlíussyni
 (Garðar Þorsteinsson).

Íkveikja.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. apríl 1932: Ákærðir, Halldór Óskar Stefánsson og Hjálmgæir Júlíusson, sæti hvor um sig betrunarhússvinnu í 2 ár. Þeir greiði og hvor um sig sinn varðhaldskostnað og kostnað við læknisrannsókn svo og 50 krónur hvor til skipaðs talsmanns þeirra, Gunnars E. Benediktssonar málaflutningsmanns. Allan annan kostnað sakarinnar greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot hinna ákærðu varðar við 1. málsg. 283 gr. almennra hegningarlaga sbr. 55. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða Halldórs Óskars Stefánssonar hæfilega ákveðin 27 mánaða betrunarhússvinna, en ákærða Hjálmgeirs Júlíussonar 2 ára betrunarhússvinna, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, er staðfesta má með þessari breytingu. Hinum ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að ákærði, Halldór Óskar Stefánsson, sæti 27 mánaða betrunarhússvinnu. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Óskari Stefánssyni, bakara, til heimilis að Skólavörðustíg 13 hér í bænum, og Hjálmgeiri Júlíussyni, verkamanni, til heimilis að Miðstræti 3 A hér í bænum, fyrir brot gegn 28. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr.

lög nr. 51, 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærðir hafa báðir náð lögaldri sakamanna. Ákærður, Halldór Óskar, fæddur 2. janúar 1899; hann var hinn 2. janúar s. l. sektaður um 50 krónur til ríkissjóðs fyrir ölvun á almannafæri, en hefir ekki frekar sætt ákæru eða refsingu. Ákærður Hjálmgeir er fæddur 9. apríl 1910, hann var hinn 20. maí 1930 sektaður um 40 krónur fyrir brot gegn 10. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur og hinn 4. júní 1931 um 50 krónur fyrir ölvun á almannafæri, en ekki að öðru sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 15. janúar s. l., klukkan 5.30 árdegis, var slökkviliðinu hér í bænum gert aðvart um að eldur væri kviknaður í húseigninni nr. 2. við Bankastræti í svonefndum Bernhöftshúsum, sem er húsabyrping byggð í hvirfingu um port sunnan Bankastrætis og er portið opið út að því. Austan húsa þessara liggur Skólastræti, að vestan er tún, en að sunnan er íbúðarhúsið Gimli, byggt úr steini, og er steinveggur allt frá Skólastræti vestur að túninu á takmörkum húseignanna. Hús þessi eru mjög gömul og byggð úr timbri, viðast ein hæð og ris, og er virðingarverð þeirra til brunabóta samtals 53718,00 krónur. Í álmunni milli portsins og Skólastrætis er geymslupláss, sem á umræddum tíma var litið notað, en í suðvesturhluta byggingarinnar er brauðgerðarhús, og hafði ríkisstjórnin byrjað þar brauðgerð um síðustu áramót, enda eru húsin eign ríkissjóðs. Í vesturálmunni milli túnsins og portsins er íbúðarhús og brauðsölubúð út við Bankastræti, en þenna hluta húseignanna skilur sund frá brauðgerðarhúsunum. Á þessum tíma var ekki búið í húsunum. Er slökkviliðið kom á vettvang, var eldur kviknaður í suðurgafli álmunnar við Skólastræti, en gaflinn á þessum húsum er úr timbri sem aðrir hlutar þeirra, en framangreindur steinveggur byggður upp að honum. Hafði eldurinn læst sig í gaflinum og logaði upp úr þakinu. Veður var gott og var eldurinn strax slökktur, án verulegra skemmda á húsum.

Á gólfinu í geymsluhúsinu þar sem eldurinn kom upp, fannst háflaska; uppmjó og háslöng, sem benzin hafði verið á, svo og glas undan suðuspritti. Af þessu svo og því að engrar eldsvon var í þessum hluta húsa, þótti

sýnt að um íkveikju væri að ræða. Tókst lögreglunni strax að upplýsa, að ákærður Hjálmgæir hafði kvöldið fyrir brennuna verið að leita fyrir sér á benzínafgreiðslum að fá benzín á samskonar flösku og fannst á brennustaðnum svo og að hinir ákærðu hefðu verið saman og á ferli um kvöldið og nóttina. Er þeir síðan voru spurðir um þetta var framburður þeirra svo tortryggilegur, að hann í sambandi við framangreinar upplýsingar leiddi til þess, að þeir voru teknir fastir. Hinn 18. janúar játuðu hinir ákærðu því næst, að þeir væru valdir að íkveikjunni og skal nú lýst aðdragandanum að þessum verknaði þeirra og framkvæmd hans, byggt á játningu hinna ákærðu og öðrum þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu.

Högum hinna ákærðu var þannig háttað, að Halldór, sem er bakari að kunnáttu, var atvinnulítill og Hjálmgæir atvinnulaus. Halldór hafði verið giftur, en þau hjón höfðu skilið samvistum nokkru fyrir jól. Bjó hann því einn um þetta leyti og var mjög drykkfelldur, hafði hann á hlaupum, að því er virtist, atvinnu hjá bakara nokkrum hér í bænum og á sama stað hafði mágur hans atvinnu til áramóta. Bakari þessi hafði allmikil viðskipti við stofnanir ríkissjóðs fram að nýjári, en missti þá af allmiklum hluta þeirra, er ríkisbrauðgerð var stofnuð í hér umræddum húsum. Var mági Halldórs þá sagt upp atvinnu, en hann fékk þá jafnhraðan fasta vinnu hjá ríkisbrauðgerðinni. Ákærður Halldór hefir skýrt svo frá, að kalt hafi verið yfirleitt í milli hans og tengdafólks hans, og að hann hafi beinlinis hatað hérumræddan mág sinn.

Ákærður, Hjálmgæir Júlíusson, var ógiftur, en bjó með 17 ára gamalli stúlku, systur ákærðs, Halldórs. Þjuggu þau saman í Miðstræti 3 A. og virðist ákærður, Halldór, hafa verið þar tíður gestur einkum eftir að hann skildi við konuna. Nokkru eftir nýjár tók Halldór að orða það við Hjálmgæir, að hann ætlaði að brenna ríkisbrauðgerðarhúsið og fór fram á það við Hjálmgæir, að hjálpa sér við það og hét hann því. Virtust þeir hafa átt tal um þetta nokkrum sinnum og að Hjálmgæir hafi verið tregur fyrst í stað. Hinn 14. janúar að kvöldi til, um matmálstíma, kom Halldór til Hjálmgæirs og systur sinnar í Miðstræti 3, og var þá undir áhrifum áfengis. Fór hann

þá fram á það við Hjálmgæir, að þeir framkvæmdu íkveikjuna þá um nóttina og féllst Hjálmgæir á það. Ákváðu þeir að nota benzin við íkveikjuna og tók Hjálmgæir að sér að útvega það. Fór hann því út í þeim erindum og hafði með sér hálfflösku undir það. Leitaði hann fyrst fyrir sér á Lækjartorgi, en fékk það ekki þar, en á benzinstöðinni vestur við Vesturgötu fékk hann loks benzin á flöskuna og hafði hann það heim með sér. Sváfu þeir félagar síðan heima hjá Hjálmgæiri til klukkan 2 eftir miðnætti að þeir vöknuðu og risu úr rekkju til þess að fara til brennunnar. Að undirlagi Halldórs klæddu þeir sig öðruvísi en þeir voru vanir til þess að þeir þekktust síður ef einhver sæi þá. Klukkan milli 2 og 3 fóru þeir síðan að heiman og hafði Hjálmgæir þá á sér benzinflöskuna og eldspítur. Gengu þeir síðan á staðinn og komu um Skólastræti að húsunum, og er þeir gengu með fram geymsluhúsinu um Skólastræti, sáu þeir að gluggar eru lágir út að Skólastræti og virnet eitt fyrir. Ekki stoppuðu þeir neitt við húsið að sinni, heldur gengu áfram niður að höfn og fór Hjálmgæir þar um borð í Dettifoss og fékk sér sigarettu. Að því búnu gengu þeir á staðinn aftur og er þeir þá fóru um Lækjartorg, telur ákærður, Halldór, að klukkan hafi verið 3,5 e. miðnætti. Var ætlun þeirra þá að kveikja í brauðgerðarhúsinu sjálfu. Með því að þá var tryggast að það bryn timer svo og vegna þess að viðurinn væri þurrastur og þar af leiðandi eldfimastur sem næst bókunarofninum og íkveikjan því auðveldari þar en annarstaðar. Fór ákærður Halldór því inn í portið frá Bankastræti og reyndi að komast þaðan inn í brauðgerðarhúsið sjálft, en lét Hjálmgæir standa vörð á meðan. En er dyr voru allar læstar og engin tæki fyrir hendi til þess að brjótast inn með, varð hann frá að hverfa við svo búð. Komu þeir sér þá saman um að fara upp á Laugaveg 17, þar sem Halldór hafði húsráð, og ná þar í eitthvert verkfæri til þess að brjótast inn með, og fóru þeir rakleitt þangað. Tók Halldór þar naglbít og hafði með sér og fóru þeir nú á staðinn aftur og eftir tillögu Hjálmgæirs ákváðu þeir nú, að fara frá Skólastræti inn um glugga inn í geymsluhúsið og kveikja þar í. Gengu þeir nú að syðsta glugganum í geymsluhúsinu. Klippti Halldór virnetið í sundur með naglbítum, ýtti því til hliðar og skreið Hjálmgæir

geir síðan inn um opið til þess að kveikja í, en Halldór gekk út á hornið hjá búð Hans Petersens kaupmanns og hélt þar vörð.

Er Hjálmgæir kom inn í geymsluhúsið byrjaði hann á því að kveikja á eldspítu til þess að litast um, og tók hann jafnframt upp benzinflöskuna. Helti hann síðan benzininu úr flöskunni upp um gaflþiljurnar, en áður hafði hann bleytt í tusku, sem hann hafði í vasa sínum og stakk henni í rifu á gaflinum. Kveikti hann síðan á eldspítu og bar að tuskunni og stóð þá gaflinn samstundis í björtu báli. Flýtti hann sér þá út. Fóru þeir síðan í skyndi af brunastaðnum, Hjálmgæir suður Skólastræti, en Halldór upp Bankastræti. Mættust þeir síðan og voru samferða heim til Hjálmgæirs aftur.

Það verður samkvæmt framangreindu að líta svo á, að íkveikjan hafi verið fullframin og þar sem brauðgerðarhúsið er sambyggt við geymsluhúsið í raun og veru sama húsið og enginn brunaveggur í milli, má telja vist að það hefði brunnið, hverju sem hefði viðrað, ef ekkert hefði verið aðgert. Ákærður, Halldór, kveður tilgang sinn með þessum verknaði aðallega hafa verið þann, að eyðileggja atvinnu mágs síns, sem vann í brauðgerðinni eins og framan greinir. Ennfremur hafi hann haft von um það, að fá atvinnu hjá bakara þeim, sem að framan greinir, ef viðskiptin færðust aftur til hans og vinna ykist þar af leiðandi. Þá ber hinum ákærðu saman um það, að Halldór hefir lofað Hjálmgæir að greiða honum 150 króna skuld, ef hann hjálpaði honum við íkveikjuna, og er það sá eini hagnaður, sem upplýst er að Hjálmgæir hafi haft af brennunni.

Ákærðir hafa báðir samkvæmt ósk skipaðs verjanda þeirra, verið rannsakaðir af geðveikralæknum, sem telja hvorugan þeirra geðbillaðan, en hinsvegar á lágu andlegu þroskastigi, og verður samkvæmt þeirri niðurstöðu að telja þá báða full sakhæfa.

Afbrot hinna ákærðu beggja ber að heimfæra undir 283. sbr. 55. grein hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing hvors þeirra, sem sátu í gæzluvarðhaldi tímabilið frá 18. janúar til 2. apríl s. l. hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 2 ár. Þeir greiði hvor um sig varðhaldskostnað og kostnað við lækniðsskoðun, svo og 50

krónur hvor til skipaðs verjanda þeirra, Gunnars E. Benediktssonar, málaflutningsmanns, en allan kostnað sakarinnar greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Skaðabóta hefir ekki verið krafizt undir rekstri málsins.

Meðferð málsins hefir verið vitalaus.

Mánudaginn 23. jan. 1933.

Nr. 64/1932. **Eggert Claessen** (Sjálfur)

gegn

hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps

(Stefán J. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. apríl 1932: Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Með því að viðurkennt er í málinu, að áfrýjandi var útsvarsskyldur í Seltjarnarnesshreppi árið 1930, og með því að ástæður þær, er áfrýjandi styður neitun sína um að greiða útsvarið við, og greindar eru í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, aðeins gátu haft þýðingu um ákvörðun á upphæð útsvars þess, er áfrýjanda var gert að greiða, en um það atriði hafa dómstólarnir eigi úrskurðarvald, ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnað í hæstarétti þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinni stefndu hreppsnefnd með 300 kr.